

Helstu niðurstöður hluthafafundar Vátryggingafélags Íslands hf. þann 14. júní 2023

Á hluthafafundi Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) þann 14. júní 2023 voru samþykktar þær tillögur sem að neðan greinir.

Dagskrárlíður 2

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Hluthafafundur samþykkti eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins

a. Tillaga um hækkun hlutafjár félagsins

Samþykkt var breyting á 4. gr. samþykktu félagsins þannig að við bætist ný 4. málsgrein sem veitir stjórn félagsins heimild til útgáfu nýrra hluta til þess að efna greiðsluskuldbindingar félagsins samkvæmt kaupsamningi um hlutafé í Fossum fjárfestingarbanka hf., dags. 5 maí 2023. Er ný 4. málsgrein. 4. gr. svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 245.000.000 krónur að nafnverði, til þess að efna skuldbindingar félagsins um greiðslu kaupverðs samkvæmt kaupsamningi um hlutafé í Fossum fjárfestingarbanka hf., dags. 5. maí 2023, þar sem hluthafar í Fossum fjárfestingarbanka hf. afhenda félaginu alla útgefna hluti í Fossum fjárfestingarbanka hf. sem gagngjald fyrir hina nýútgefna hluti. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu að gættum þeim takmörkunum sem leiðir af kvöðum um sölubann samkvæmt kaupsamningnum. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Stjórninni er enn fremur heimilt að gera breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við hlutafjárhækkun samkvæmt heimild þessari. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum vegna nýútgefna hluta samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Heimild þessi gildir til 5. maí 2024.“

b. Tillaga um breytingar á tilgangssákvæði samþykktu félagsins

Samþykkt var að breyta tilgangssákvæði samþykktu félagsins þannig að 1. málsgrein 2. gr orðast svo:

„Tilgangur félagsins er rekstur vátrygginga- og fjármálastarfsemi, ásamt allri leyfilegri hliðarstarfsemi og skyldum rekstri, hvort sem er beint eða í sérstöku félagi, eftir því sem lög leyfa. Jafnframt þjónusta við dótturfélög, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna, ávöxtun fjáreigna svo sem með kaupum, sölu og eignarhaldi á fjármálagerningum og eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.“